

Kríur á Snæfellsnesi


Róbert A. Stefánsson, Hafrún Gunnarsdóttir, Jakob J. Stakowski og Menja von Schmalensee

Náttúrustofa Vesturlands, 340 Stykkishólmi



Staða íslenska kríustofnsins

- Kría (*Sterna paradisaea*) er heimsmetshafi í farflugi og þokkuð algengur og útbreiddur varpflugl við strendur Íslands (1. mynd).
- Eftir hrun sandsílastofnsins frá því um 2005 gekk kríuvarp illa til u.þ.b. 2018, einkum á sunnan- og vestanverðu landinu. Talið er að á því tímabili hafi kríum fækkað og sum vörp jafnvel horfið.
- Náttúrufræðistofnun Íslands áætlaði árið 2018 að hér yrðu 150.000-250.000 pör.¹ Mikill skortur hefur verið á tölulegum upplýsingum um flest kríuvörp og þróun stofnstærðar á landsvísi en á valista um fugla er krían metin í nokkurri hættu (VU).




Markmið

Markmið rannsóknarinnar voru að:


- Meta stærð eins stærsta kríuvarps landsins við Rif og Hellissand á Snæfellsnesi.
- Meta grófllega stærð helstu kríuvarpa á Snæfellsnesi og bera matið saman við eldri gögn.

1. mynd. Útbreiðsla helstu kríuvarpa á Íslandi fyrr og nú (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018³).


Niðurstöður




2. mynd. Útbreiðsla kríuvarpsins við Rif og Hellissand sumrin 2022 og 2023.



3. mynd. Tíðnidreifing béttleika kríuhreidra á nothæfum talningarpunktum árin 2022 og 2023. Meðalbéttleiki í talningarpunktum var 0,020 (2022) og 0,026 (2023) hreiður/m².



4. mynd. Heildarfjöldi kríuhreidra við Rif og Hellissand var áætlaður tæp 13 þúsund 2022 en um 17 þúsund 2023. Munurinn var ekki tölfraðilega marktækur ($p=0,6$). Lóðréttar línur tákna 95% öryggismörk matsins.



5. mynd. Útbreiðsla og stærð helstu kríuvarpa á Snæfellsnesi árið 2011² og 2023 (þessi athugun). Kríum fækkaði umtalsvert á tímabilinu.

Aðferðir

- Rétt fyrir klak í seinni hluta júní 2022 og 2023 var útbreiðsla kríuvarpsins við Rif og Hellissand á Snæfellsnesi kortlögð og fjöldi kríuhreidra metinn í varpinu. Tilviljanakenndar staðsetningar voru lagðar út innan varpsvæðisins. Þar af voru 69 (2022) og 81 (2023) nothæfar til matsins. Á hverjum stað var fjöldi kríuhreidra talinn innan 6 metra hringmáls (hver talningarpunktur 113 m²). Sköppvengsaðferð (e. bootstrap) með 1.000 endurtekningum var notuð til þess að reikna 95% öryggismörk.
- Sumarið 2023 voru öll helstu kríuvörp á Snæfellsnesi heimsótt og gróft mat lagt á stærð hvers þeirra, m.a. með sjónrænu mati og talningu hreiðra á 9 m breiðum sniðum í gegnum vörpin. Niðurstaðan var svo borin saman við stærð kríuvarpa á Snæfellsnesi árið 2011.²

Ályktanir

- Mat á stærð kríuvarpsins við Rif og Hellissand staðfestir stöðu þess sem eins stærsta kríuvarps landsins.
- Samanburður stærðar kríuvarpa á Snæfellsnesi við eldri gögn bendir til að lélegur varpárangur um margra ára skeið hafi höggvið djúp skörð í varpstofninn. Mikilvægt er að halda þessu verkefni áfram og bæta vöktun kríu á landsvísi, enda er hún tilvalin vísitæga á breytingar sem verða í vistkerfum hafsins. Í ljósi komandi umhverfisbreytinga verða slík gögn æ mikilvægari.



Mat á stærð kríuvarpsins við Rif og Hellissand er hluti af „Vöktun náttúruverndarsvæða“, sem er samstarfsverkefni náttúrustofa, N.Í. o.fl.

Ljósmyndir: Daniel Bergmann og Róbert A. Stefánsson

Tilvitnani:

[1] Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. <https://www.ni.is/is/biota/animalia/chordata/aves/charadriiformes/kria-ster-na-paradisaea>. Sótt 9.10.2023.
[2] Vigfusdóttir F., Gunnarsson T.G. & Gill, J.A. 2013. Annual and between-colony variation in productivity of Arctic Terns in West Iceland. *Bird Study* 60: 289-297.